

GJALDSKRÁ

fráveitu Dalvíkurbyggðar.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalvíkurbyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitu og rotþrær í Dalvíkurbyggð nr. 1090/2016.

2. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og skal það vera eftirfarandi:

- Fráveitugjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 19.883,57 kr. pr. íbúð og 414,93 kr. pr. fermetra húss.
- Fráveitugjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 45.814,08 kr. pr. eign og 414,93 kr. pr. fermetra húss.
- Álagning skv. a- og b-lið skal þó aldrei vera hærrí en 0,47% eða lægri en 0,25% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976.

3. gr.

Sveitarfélagið annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Dalvíkurbyggð og innheimtir sérstakt rotþróargjald til að standa straum af kostnaði við tæmingu, urðun seyrú og umsjón með verkinu, sbr. 8. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Dalvíkurbyggð nr. 1090/2016.

Árlegt rotþróargjald sem lagt er á hverja íbúð, þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár, er 15.414,32 kr. Að auki er greitt árlegt fast gjald 18.229,91 kr. á hverja íbúð til að standa straum af kostnaði vegna frágangs á rotþróum sem settar voru niður fyrir árið 2024. Af öðru húsnæði sem fjallað er um í b-lið 2. gr. greiðast sambærileg rotþróargjöld þ.e. fast gjald og rotþróargjald.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila hverju sinni.

4. gr.

Með vísan til 14. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Dalvíkurbyggð nr. 1090/2016, er lagt á tengigjald fráveitu sem er 15% af útreiknuðu gatnagerðargjaldi eins og það er á hverjum tíma. Það innheimtist sérstaklega og nýtur sama lögveðsréttar og gatnagerðargjald.

5. gr.

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

6. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá nr. 1579/2022.

Samþykkt í veitu- og hafnaráði Dalvíkurbyggðar 18. október 2023.

Nr. 1593

12. desember 2023

Samþykkt í byggðarráði Dalvíkurbyggðar 23. nóvember 2023.
Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 28. nóvember 2023.

Dalvíkurbyggð, 12. desember 2023.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2023